

Ed.

514. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tryggja skal hjá Samábyrgðinni öll skip, er ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingarkjörin séu eigi lakari en hjá öðrum tryggingarfélagum, að dómi ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Á eftir orðunum „ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna“ í lok 3. mgr. 12. gr. laganna komi: og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.